

Ályktun Stjórnar íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis vegna fyrirhugaðrar þrengingar Háaleitisbrautar, á gatnamótunm Háaleitisbrautar og Bústaðavegs og lokun á hægri beygjum

Ágætu stjórnendur Reykjavíkurborgar.

Það er bæði heiður og ánægja þessa félags að taka þátt í umfjöllun um skipulagsmál hverfisins, nærliggjandi svæða og borgarinnar í heild, þar sem skipulagsbreytingar á einum stað geta haft keðjuverkun og áhrif á nærliggjandi svæði.

Skipulagsmál eru jafnframt sá málaflokkur þar sem sérstaklega þarf að vanda vinnu með hliðsjón af fjölmörgum atriðum, s.s. efnahags-, samfélags- og umhverfisatriðum sem varðar alla íbúa til lengri tíma.

Í öllum skipulagsmálum er því mikilvægt að borgin hafi uppbyggjandi samráð við íbúa viðkomandi svæðis vegna skipulagsmála. Einnig er mikilvægt að íbúasamstök sem aðrir komi mikilvægum upplýsingum á framfæri við borgina sem fyrst, telji aðilar mikilvægt að benda á þau atriði sem betur mega fara í skipulagsmálum, þar sem mistök í skipulagsmálum er erfitt eða ógjörningur að leiðrétta eftir.

Borist hafa fréttir af því í fjölmiðlum að borgin fyrirhugi að þrengja Háaleitisbraut í eina akgrein í hvora átt, við gatnamót Háaleitisbrautar og Bústaðavegar. Jafnframt sé fyrirhugað að taka af hægri beygjur á þessum gatnamótum.

Þær skýringar sem komið hafa fram frá borginni, er að þetta sé gert til að minnka slyshættu gangandi vegfarenda. Lítið eða ekkert samráð hefur verið við íbúa svæðisins vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda sem minnir óþægilega á aðdraganda að þéttingu byggða við Bústaðaveg, sem borgin dró síðar til baka vegna mótmæla íbúa.

Vegna fyrirhugaðrar þrengingu gatna á Háaleitisbraut við gatnamót Bústaðarvegar var eftirfarandi ályktun samþykkt af Stjórn íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis 3. september sl.

Stjórn íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis samþykkti að beina þeim vinsamlegu, en jafnframt eindregu tilmælum til borgarinnar að hætt verði þegar við fyrirhugaðrar þrengingar Háaleitisbrautar við gatnamót Bústaðarvegar í eina akgreina í sitt hvor átt, og hægri beygjum á þessum gatnamótunm verði ekki lokað. Slík þrengin minnkar ekki slyshættu heldur eykur hana og flytur á önnur svæði. Til að minnka slyshættu gangandi vegfarenda á þessum gatnamótum, má framkvæma slíkt með öðrum miklu öruggari og árangursríkari aðgerðum, s.s. göngubrú eða undirgöngum.

Greinargerð:

Fjormargar og mikilvægar ástæður eru fyrir þessari ályktun stjórnar sem nú skulu nefndar.

Aukin slyshætta með þrengingu: Sé það markmið að draga úr slyshættu á göngubrautum á þessum gatnamótum, vegna mikillar umferða, er ekki hægt að gera slíkt með því að þrengja að umferð, þar sem umferð flyst þá í nærliggjandi götur með aukinni slyshættu.

Þetta á sérstaklega við þar sem Háaleitisbrautin m.a. frá Bústaðavegi, er gata sem liggur að einni stærstu verslunarmiðstöð landsins, Kringlunni, og auk þess fjölfarinni verslunar og heilsugæslu í Austurveri. Að þrengja að slíkum fjölförnum akstursleiðum mun því augljóslega beina mikilli umferð á nærliggjandi götur sem mun valda enn meiri slyshættu á þeim stöðum – þar sem umferðin hverfur ekki – heldur færir til.

Að þrengja að slíkum akgreinum, minnkar því ekki slyshættu, heldur mun slíkt auka slyshættu með tilfærslu umferðar á aðra nærliggjandi staði.

Slyshættu minnkuð verulega og varanlega með göngubrú eða undirgöngum. Til að minnka slyshættu gangandi vegfarenda á þessum gatnamótum, má framkvæma slíkt með ýmsum öðrum miklu öruggari og árangursríkari aðgerðum, – s.s. göngubrú eða undirgöngum.

Göngubrú t.d. yfir Bústaðaveg og Háleitisbraut er líklega til að henta vel á þessum stað þar sem halli á landi gerir aðstæður heppilegar fyrir göngubrú og hanna mætti slíka göngubrú sem félli vel að landslagi og aðstæðum. Sama má segja um undirgöng. Um þetta mætti halda hönnunarsamkeppni.

Hvor leiðin sem væri talin heppilegri á þessum stað, myndi minnka slyshættu margfalt meira og varanlega sem væru mun öruggari og árangursríkari. Með þrengingu gatna á þessum stað myndi slyshætta hins vegar færast til og í raun aukast þvert á það sem til var ætlast.

Ávinningur íbúa margfaldur með göngubrú eða undirgöngum. Af framansögðu er því ljóst að ávinningur gangandi vegfarenda, íbúa og annara yrði því margfaldur með göngubrú eða undirgöngum í stað þrengingar gatna – þar sem slyshætta væri minnkuð verulega og varanlega.

A framansögðu er það því vinsamlegu tilmæli Stjórnar íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis að beina þeim vinsamlegu, en jafnframt eindregu tilmælum til borgarinnar að hætt verði þegar við fyrirhugaðrar þrengingar Háleitisbrautar við gatnamót Bústaðarvegur í eina akgreina í sitt hvor átt, og hægri beygjum á þessum gatnamótunum verði ekki lokað. Slík þrengin minnkar ekki slyshættu heldur eykur hana og flytur á önnur svæði. Til að minnka slyshættu gangandi vegfarenda á þessum gatnamótum, má framkvæma slíkt með öðrum miklu öruggari og árangursríkari aðgerðum, s.s. göngubrú eða undirgöngum.

Fyrir hönd Stjórnar íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis

Gísli Kr. Björnsson, formaður

Aðrir í stjórn: Baldur Pétursson varaformaður, Ólafur Elíasson, Guðjón Pétursson og Íris Davíðsdóttir